

Apríl 2026



Stefna í fjarheilbrigðisþjónustu Skýrsla starfshóps

Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Stefna í fjarheilbrigðisþjónustu: Skýrsla starfshóps.

Apríl 2026

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

©2026 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-89-6

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Gæði og öryggi fjarheilbrigðisþjónustu.....	6
2. Gagnaskráning og tæknileg samræming.....	9
3. Fjármögnun	12
4. Samantekt og tillögur starfshópsins.....	14
4.1 Gæði og öryggi fjarheilbrigðisþjónustu.....	14
4.2 Gagnaskráning og tæknileg samræming.....	15
4.3 Fjármögnun	15

Inngangur

Þann 4. nóvember 2025 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp sem var fengið það verkefni að útbúa stefnu í fjarheilbrigðisþjónustu. Verkefni hópsins var að vinna tillögur til ráðherra að stefnu í fjarheilbrigðisþjónustu.

Starfshópurinn var þannig skipaður:

- Guðjón Hauksson, án tilnefningar, formaður hópsins
- Björn Geir Leifsson, tilnefndur af embætti landlæknis
- Erla Dögg Ragnarsdóttir, tilnefnd af Landspítala
- Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Samtökum heilbrigðisfyrirtækja
- Lilja Björk Kristinsdóttir, tilnefnd af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Már Egilsson, tilnefndur af Landssambandi heilbrigðisstofnana
- Tinna Rán Sverrisdóttir, tilnefnd af Sjúkratryggingum Íslands

Viktor M. Alexandersson, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, var starfsmaður hópsins.

Starfshópurinn fundaði alls níu sinnum á tímabilinu janúar til mars 2026. Einnig fundaði hópurinn í smærri hópum á sama tímabili auk þess að eiga í samskiptum í gegnum tölvupóst og á vinnusvæði á Teams. Formaður hópsins stjórnaði fundum og vinnu starfshópsins og starfsmaður hópsins sá um fundargerðir. Allir fulltrúar hópsins tóku þátt í umræðum, rafrænum vinnustofum og skýrsluskrifum hópsins.

Fjarheilbrigðisþjónusta er ört vaxandi hluti almennrar heilbrigðisþjónustu sem getur, ef vel er að henni staðið, auðvelað og bætt gæði, aðgengi og eftirfylgd margvíslegrar heilbrigðisþjónustu til framtíðar. Við mótun, innleiðingu og veitingu fjarheilbrigðisþjónustu er mikilvægt að tryggja að hún uppfylli sömu kröfur og almennt eru gerðar innan heilbrigðiskerfisins til samskipta milli notenda og veitenda heilbrigðisþjónustu. Það á m.a. við um öryggi, meðferð og vistun gagna og gæði heilbrigðisþjónustunnar sjálfar. Fjarheilbrigðisþjónusta er víða orðin mikilvægur þáttur við veitingu heilbrigðisþjónustu í nútíma heilbrigðiskerfum og notuð til að auka þjónustu og aðgengi, stytta biðtíma og styðja við heilsuvernd, meðferð og endurhæfingu á heimsvísu. Leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Alþjóðasamtaka efnislegs samstarfs og þróunar (OECD) leggja áherslu á að fjarheilbrigðisþjónusta sé þróuð sem hluti af heildrænni stefnu um stafræna heilbrigðisþjónustu og byggi á traustum innviðum, gagnsæju regluverki og sjálfbærri fjármögnun.

Á síðustu árum hefur fjarheilbrigðisþjónusta fengið meiri sess í umfjöllun og útgefna opinberu efni og mikilvægi hennar til framtíðar verið ítrekað. Í stefnu heilbrigðisráðuneytisins fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 er til að mynda kveðið á um að allir landsmenn skuli hafa tæknilega möguleika á heimilum sínum til þess að komast í samband við heilbrigðisþjónustu óháð búsetu og aðgengi að heilsugæslu og að þjónusta sérfræðinga á landsbyggðinni

skuli jöfnuð með fjarheilbrigðisþjónustu og vel skipulögðum sjúkraflutningum. Einnig er fjallað um fjarheilbrigðisþjónustu í byggðaaætlan stjórnvalda til ársins 2036 en í áætluninni kemur m.a. fram að aðgengi að heilbrigðisþjónustu verði bætt með nýsköpun og nýtingu tækni og fjarskipta við framkvæmd þjónustunnar.

Í samræmi við ofangreinda umfjöllun hefur löggjafinn í kjölfarið bætt við skilgreiningu á hugtakinu fjarheilbrigðisþjónusta og hvers kyns heilbrigðisþjónusta geti m.a. fallið undir hugtakið í lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með lögum nr. 48/2024. Með 4. gr. breytingalaganna, sem varð að 27. gr. b. í lögum um heilbrigðisþjónustu, var einnig lögfest að heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skuli við skipulagningu og veitingu fjarheilbrigðisþjónustu uppfylla fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu. Af þeim sökum telur starfshópurinn mikilvægt að ráðist verði í kortlagningu á því hvaða fjarheilbrigðisþjónusta er nú þegar í boði þannig að mynd komist á það hvar íslensk heilbrigðisþjónusta er stödd á sinni stafrænu vegferð og hvar þörf er á að sækja fram með frekari hætti.

Í stefnunni eru notaðar skilgreiningar á fjarheilbrigðisþjónustu sem komu inn í lög, nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með 1. gr. breytingalaga nr. 48/2024.

Samkvæmt 5. tölul. 4. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, er fjarheilbrigðisþjónusta skilgreind sem: Nýting stafrænnar samskipta- og upplýsingatækni til að veita heilbrigðisþjónustu þar sem aðilar eru ekki á sama stað á sama tíma. Undir fjarheilbrigðisþjónustu fellur:

- a. Fjarsamráð: Samráð heilbrigðisstarfsfólks og miðlun heilbrigðisupplýsinga með viðeigandi og öruggum tæknibúnaði.
- b. Fjarvöktun: Notkun á stafrænum lausnum og tæknibúnaði í fjarvöktun á heilbrigðisástandi.
- c. Myndsamtal: Rauntímasamskipti heilbrigðisstarfsmanns og sjúklings með öruggum tæknibúnaði.
- d. Netspjall og hjálparsími: Samskipti heilbrigðisstarfsfólks við sjúklinga í hjálparsíma eða á netspjalli sem kalla á leit upplýsinga eða skráningu upplýsinga í sjúkraskrá sjúklings.
- e. Velferðartækni: Notkun á stafrænum tæknilausnum heilbrigðisþjónustu sem treystir búsetu einstaklinga í heimahúsi.

Framtíðarsýn og markmið með stefnunni er að notendur heilbrigðisþjónustu á Íslandi hafi öruggt, skilvirkt og notendavænt aðgengi að fjarheilbrigðisþjónustu sem er samþætt hefðbundinni heilbrigðisþjónustu, styður við heilsu og sjálfstæði einstaklinga og nýtir tækni á ábyrgan hátt.

1. Gæði og öryggi fjarheilbrigðisþjónustu

Fjarheilbrigðisþjónusta þarf að vera samþættur hluti heilbrigðiskerfisins og uppfylla sambærilegar kröfur um klínísk gæði og öryggi og staðbundin þjónusta, auk þeirra krafna sem gera verður til notkunar á stafrænni tækni. Hlutverk og ábyrgð þjónustunnar þarf að vera skýrt, og að hægt sé að meta þjónustuna eftir þörfum og niðurstöður nýttar til umbóta og styrkingar. Skilgreina þarf klíníska ábyrgð og búa til ramma um viðeigandi notkun, ásamt verkferlum um skráningu og lágmarksviðmið um hvenær staðbundin þjónusta á frekar við. Tryggja þarf virkt eftirlit með veitendum þjónustunnar, meðal annars með staðfestingu á starfsleyfum og rekstrartilkyningum, fagstétt og menntun eins og almennt þekkest. Stuðla þarf að nýsköpun þjónustuferla og aukinni hagkvæmni við veitingu heilbrigðisþjónustu og mun fjarheilbrigðisþjónusta skipta sköpum við það verkefni.

Fjarheilbrigðisþjónusta á að bæta aðgengi og styrkja samfellu í meðferð. Það felur í sér að allir landsmenn hafi jafnan rétt á að nýta hana þegar við á, óháð búsetu, aldri, fötlun, stafrænu læsi eða öðrum ástæðum. Notendaviðmót þarf að hanna með ólíka hópa í huga að því marki að fjarheilbrigðisþjónusta sé valkostur sem eykur virði, styttr leiðir, dregur úr bið, auðveldar eftirfylgni og bætir aðgengi að þjónustu. Til að styðja við samfellu er jafnframt mikilvægt að notendur fjarheilbrigðisþjónustu hafi aðgang að eigin heilsufarsupplýsingum og geti þannig í samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk tekið virkari þátt í meðferð og eftirfylgd. Þá þurfa heilbrigðisstofnanir að móta sér innri stefnu um innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu svo hún verði hluti af skipulagi, þjónustuferlum og gæðastjórnun.

Að auki þarf að tryggja að rétt þjónusta sé veitt á réttum stað og á réttu þjónustuformi. Fjarheilbrigðisþjónusta á að vera valkostur sem hægt er að nýta þegar hún er klínískt viðeigandi. Veitendur fjarheilbrigðisþjónustu þurfa að geta leiðbeint notanda hennar í staðbundna þjónustu þegar þörf krefur, til dæmis við versnun einkenna, þörf fyrir líkamsskoðun eða þegar aukin áhætta er á versnandi ástandi notanda þjónustunnar. Við val á þjónustuformi er jafnframt mikilvægt að horfa til heilsuhagfræðilegra greininga svo unnt sé að meta samfélagslegt virði þjónustunnar, áhrif á kostnað, nýtingu mannauðs og ávinning fyrir notendur þjónustunnar, þjónustuveitendur og samfélagið allt.

Tryggja skal vægi fjarheilbrigðisþjónustu í lögum og reglugerðum þannig að ekki séu settar óþarfa kröfur eða byrðar á veitendur hennar. Gera skal ráð fyrir fjarheilbrigðisþjónustu sem mikilvægum þætti heilbrigðisþjónustu við lagasetningu og lagabreytingar á löggjöf tengdri heilbrigðisþjónustu til að tryggja vægi hennar sem slíkrar.

Loks þarf að byggja gæði og öryggi fjarheilbrigðisþjónustu á hæfni og þekkingu heilbrigðisstarfsfólks og traustum innviðum. Tryggja þarf heilbrigðisstarfsfólki markvissa menntun og þjálfun í notkun tæknilausna, klínískum verkferlum og samskiptum í stafrænu umhverfi, auk fræðslu um gagnavernd og upplýsingaöryggi. Einnig þarf fjarheilbrigðisþjónusta og notkun hennar að verða hluti af námsskrá allra heilbrigðisstétta. Fjarheilbrigðisþjónusta á að vera örugg, gagnreynd og notendamiðuð, styðja jafnræði og samfellu, og vera valkostur sem bætir þjónustu og eykur virði heilbrigðisþjónustu í víðasta skilningi.

Markmið: Fjarheilbrigðisþjónusta verði sjálfsagður hluti af daglegri heilbrigðisþjónustu með vel þjálfuðu starfsfólki, skýrri stjórnun, þróun og reglulegu mati og endurbótum.

Markmið: Fjarheilbrigðisþjónusta uppfylli sambærilega klíníska gæðastaðla og staðbundin þjónusta.

- Fjarheilbrigðisþjónusta verði samþættur partur af heilbrigðisþjónustu þar sem hún eykur virði og gæði.
- Settir verði fram gæðavísar fyrir fjarheilbrigðisþjónustu.
- Tryggja þarf eftirlit Embættis landlæknis sem og Sjúkratrygginga Íslands með heilbrigðisstofnunum, heilbrigðisstarfsmönnum og sjálfstætt starfandi rekstraraðilum (starfsleyfi/sérfræðileyfi, húsnaði, búnað og samningar).
- Meta skal ánægju, traust og notendaupplifun þar sem niðurstöður eru nýttar til umbóta.
- Aðlaga ætti klíníska verkferla að veitingu fjarheilbrigðisþjónustu.

Markmið: Fjarheilbrigðisþjónusta bæti aðgengi og samfellu.

- Allir landsmenn geti nýtt sér fjarheilbrigðisþjónustu sé það klínískt viðeigandi óháð stafrænu læsi og búsetu.
- Veitendur heilbrigðisþjónustu hafi möguleika á að bjóða upp á fjarheilbrigðisþjónustu þar sem við á og þess óskað.
- Notendur fjarheilbrigðisþjónustu hafi aðgang að heilsufarsupplýsingum um sig þannig að þeir geti í samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk stuðlað að samvinnu um meðferð og samfellu hennar.
- Viðmót sé notendavænt og taki mið af þörfum ólíkra hópa.
- Skilgreina þjónustubætti þar sem fjarheilbrigðisþjónusta bætir við aðgengi og eykur virði heilbrigðisþjónustu m.a. með nýsköpun og rannsóknum.
- Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi starfseiningar móti sér stefnu um innleiðingu og framkvæmd fjarheilbrigðisþjónustu innan ramma landsstefnu um fjarheilbrigðisþjónustu .

Markmið: Að rétt þjónusta sé veitt á réttum stað með réttu þjónustuformi.

- Þeir sem veita fjarheilbrigðisþjónustu skulu getað vísað notanda á staðbundna þjónustu þegar þörf er á t.d. með því að vísa notanda á starfsstöð til veitanda þjónustunnar, með samningum við aðra þjónustuveitendur eða leiðbeiningar um hvert skuli leita.
- Heilsuhagfræðilegar greiningar verði auknar þannig að þær geti stutt við ákvörðun um þjónustuform og með því metið samfélagslegt virði þjónustunnar.

Markmið: Heilbrigðisstarfsfólk hafi þekkingu á kostum og áskorunum við nýtingu fjarheilbrigðisþjónustu.

- Þjálfar þarf heilbrigðisstarfsfólk kerfisbundið í notkun tæknilausna og klínískra verkferla tengdum fjarheilbrigðisþjónustu og samskiptum í stafrænu umhverfi.
- Tryggja þarf fræðslu um gagnavernd og upplýsingaöryggi.
- Leggja skal áherslu á menntun og endurmenntun tengda stafrænni hæfni.
- Tryggja skal að fjarheilbrigðisþjónusta verði hluti af námsskrá allra heilbrigðisstétta.

Markmið: Að stuðla að jafnræði, aðgengi og stafrænni hæfni.

- Á Íslandi skal tryggja að net- og símasamband sé gott með fjárfestingu í innviðum tengdum fjarskiptum. Þannig verði tryggt að landsmenn allir, óháð búsetu, geti nýtt sér fjarheilbrigðisþjónustu.
- Hönnun stafrænna lausna taki mið af þörfum notenda þjónustunnar og aðgengi ólíkra hópa.
- Draga skal úr aðgangshindrunum s.s. búsetu, aldri, fötlun eða stafrænu læsi eins og kostur er.
- Fjarheilbrigðisþjónusta verði valkostur en ekki skylda.

2. Gagnaskráning og tæknileg samræming

Gagnaskráning í fjarheilbrigðisþjónustu skal vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og byggja á meginreglum um trúnað, öryggi og vernd persónuupplýsinga. Markmið gagnaskráningar er að styðja við örugga og samfellda þjónustu, faglega ákvarðanatöku, rekjanleika og réttindi notenda þjónustunnar óháð því hvort þjónusta er veitt á staðnum eða sem fjarheilbrigðisþjónusta. Mikilvægt er að upplýsingar séu aðgengilegar notendum þjónustunnar og þeim sem koma að meðferð þeirra, með viðeigandi aðgangsstýringu, þannig að þjónustan byggi á réttum og samfelldum gögnum þvert á þjónustuveitendur og þjónustuform. Samræming og samvirkni sjúkraskrárkerfa eykur skilvirkni við alla meðferð og dregur úr sóun.

Þegar fjarheilbrigðisþjónusta er veitt skal skrá hvernig þjónustan fór fram. Skráning í sjúkraskrá skal því fara fram eins og um staðbundna þjónustu sé að ræða, en jafnframt skal form samskipta og staðsetning þeirra sem tóku þátt í samskiptunum koma fram og hvort tæknilegir hnöktrar hafi komið upp sem gætu hafa haft áhrif á gæði samskipta eða klínískt mat. Þar sem tæknileg atriði geta haft bein áhrif á gæði þjónustunnar skal skrá tæknileg frávik, svo sem rof eða frávik í hljóð- og/eða myndgæðum, og lýsa því hvaða áhrif þau gætu haft á mat og ákvörðunartöku eða hvort grípa þurfti til annarra úrræða. Leggja skal sérstaka áherslu á að móta örugga og skýra en jafnframt einfalda aðferð til að auðkenna og staðsetja notendur þjónustunnar meðal annars til að bregðast við neyðartilfellum ef þau koma upp.

Til að stuðla að samræmi, gæðum og hagkvæmni fjarheilbrigðisþjónustu er æskilegt að innleiða staðlað skráningarsniðmát fyrir fjarheilbrigðisþjónustu í þeim kerfum sem upplýsingar eru skráðar í og að skráning á sértækum atriðum verði eins sjálfvirk og einföld og kostur er. Með stöðluðu skráningarsniðmáti er hægt að draga úr líkum á að fjarheilbrigðisþjónusta leiði til aukins skráningartíma sem gæti annars hamlað innleiðingu og notkun hennar. Jafnframt þarf að móta samræmt verklag um hvaða viðbætur skuli skrá við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu, svo sem meðferð og skráning myndefnis, hljóðupptaka eða annarra gagna verði þau til við veitingu þjónustunnar. Regluleg rýni á gæðum skráningar, ásamt fræðslu og endurgjöf til starfsfólks, er forsenda þess að skráning sé samræmd og nýtist sem best við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu, stjórnun og skipulag, og eftir atvikum til rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda.

Samkvæmt b. lið 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eru heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt og andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem einstaklingur hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis og vímuefnanotkun, skilgreindar sem viðkvæmar persónuupplýsingar. Viðkvæmar persónuupplýsingar lúta ströngum vinnsluskilyrðum og því eru gerðar meiri

kröfur til kerfa sem er ætlað að vinna eða geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Mikilvægt er að allar lausnir, hvort sem eru forrit, kerfi eða aðrar lausnir, sem notuð eru við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu eða gagnaskráningu vegna hennar, uppfylli skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga á hverjum tíma. Þó skal gæta þess að ekki séu gerðar ríkari kröfur til fjarheilbrigðisþjónustu en leiðir af lögnum sem geti aftrað notkun eða nýsköpun þjónustunnar.

Tæknileg samhæfing og -virkni kerfa er lykilforsenda við að ná framangreindum markmiðum. Tæknilausnir fyrir fjarheilbrigðisþjónustu skulu byggja á öryggi og tryggja að ákvæði laga og reglugerða um persónuvernd einstaklinga séu uppfyllt hverju sinni. Einnig skulu tæknilausnir styðja við auðkenningu, aðgangsstýringu og rekjanleika og vera hannaðar með áreiðanleika, rekstrar- og gagnaöryggi að leiðarljósi. Kerfin þurfa bæði að vera notendamiðuð og aðgengileg svo þau henti bæði notendum og veitendum fjarheilbrigðisþjónustu með misjafnt stafrænt læsi. Að lokum er æskilegt að kerfi bjóði upp á innbyggða möguleika til mælinga á notkun, gæðum og frammistöðu þannig að hægt sé að fylgjast með framkvæmd, greina frávik og styðja við stöðugar endurbætur og þróun í fjarheilbrigðisþjónustu.

Markmið: Gögn skulu skráð í sjúkraskrá í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

- Heilbrigðisstarfsfólk fái menntun um skráningu fjarheilbrigðisþjónustu í sjúkraskrá.
- Mótað sé samræmt verklag um skráningu fjarheilbrigðisþjónustu og þær viðbætur sem þarf að skrá vegna fjarheilbrigðisþjónustu s.s. myndefni, hljóðupptökur o.fl.
- Æskilegt er að sjúkraskrárkerfi séu hönnuð með sem mestri sjálfvirkni til að tryggja samræmi og draga úr mistökum við skráningu.

Markmið: Skráning í sjúkraskrá skal fara fram eins og um venjulega komu sé að ræða en þó skal eftirfarandi koma sérstaklega fram.

- Staðsetning þeirra sem að áttu samskipti sín á milli.
- Tæknilegir hnökrar, ef einhverjir voru, sem gætu haft áhrif á gæði samskipta.

Markmið: Gögn þurfa að vera aðgengileg notendum og öðrum þeim sem koma að meðferð og veitingu fjarheilbrigðisþjónustu.

- Veitendur heilbrigðisþjónustu hafi samskiptagátt við notanda þjónustunnar svo notandi hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þörf er á fyrir greiningu og meðferð.

Markmið: Að gögn séu skráð með samræmdum hætti þvert á þjónustuveitendur.

- Tryggja skal að þjónustuveitendur, óháð þjónustuformi hafi aðgang að þeim sjúkraskrárupplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir örugga og samfellda heilbrigðisþjónustu.
- Að virði þeirra upplýsinga sem þörf er á að skrá sé metið m.a fyrir:

- a. Meðferð notanda (öryggi og samfella í meðferð).
- b. Stjórnun og skipulag heilbrigðisþjónustu.
- c. Rannsókn tengdum heilbrigðisvísindum.

Markmið: Að tæknilegar lausnir byggi á öryggi og uppfylli skilyrði um persónuvernd.

- Tæknilausnir þurfa að uppfylla kröfur um öryggi upplýsinga, persónuvernd samkvæmt gildandi lögum, auðkenningu og aðgangsstýringu, með rekjanleika og atvikaskráningu.

Markmið: Að tæknilegar lausnir séu samhæfðar og staðlaðar (interoperability).

- Kerfi þurfa að styðja opin stöðluð samskipti og tengingu við rafræna sjúkraskrá, lyfjakerfi og önnur heilbrigðiskerfi til að tryggja samfellda þjónustu.

Markmið: Að tæknilegar lausnir séu áreiðanlegar og með tryggt rekstraröryggi.

- Lausnir þurfa að vera stöðugar með hátt aðgengi og viðbragðsþol gagnvart truflunum og skýrar áætlanir um rekstur og varnir.

Markmið: Að tryggja notendamiðaða hönnun og aðgengi.

- Tæknin þarf að vera einföld í notkun fyrir notendur og veitendur fjarheilbrigðisþjónustu og styðja mismunandi stafrænt læsi og uppfylla kröfur um aðgengi.

Markmið: Að tæknilausnir styðji við eftirlit, mælingar og stöðuga þróun.

- Æskilegt er að kerfin hafi innbyggða möguleika til mælinga á notkun, gæðum og frammistöðu með stuðningi við stöðugar endurbætur og uppfærslur.

3. Fjármögnun

Fjármögnun er ein af grunnforsendum þess að fjarheilbrigðisþjónusta verði raunhæfur hluti heilbrigðiskerfisins. Til að þjónustan geti þróast og náð útbreiðslu þarf að skilgreina sérstaklega fjármagn sem er ætlað til stofnunar, innleiðingar, reksturs og áframhaldandi þróunar fjarheilbrigðisþjónustu hvort sem um er að ræða hið opinbera heilbrigðiskerfi eða sjálfstætt starfandi eininga. Uppbygging slíkra lausna felur í sér stofn- og rekstrarkostnað. Jafnframt þarf að tryggja fjármögnun innviða þannig að fjarheilbrigðisþjónusta verði raunhæfur valkostur um land allt, óháð búsetu og aðstæðum, og að sem flestir þjónustuveitendur geti boðið fjarheilbrigðisþjónustu til að mæta þörfum sem flestra.

Markviss fjármögnun fjarheilbrigðisþjónustu á jafnframt að miða að því að draga úr beinum og óbeinum kostnaði notanda þjónustunnar. Margir einstaklingar verða fyrir verulegu vinnu, tíma- og/eða beinum fjárhagslegum útgjöldum við að sækja sér hefðbundna heilbrigðisþjónustu. Á það sérstaklega við þar sem vegalengdir eru langar eða aðstæður takmarka möguleika á staðbundinni þjónustu með tilheyrandi samfélagslegu tapi.

Þróun fjarheilbrigðisþjónustu byggir á tækni framförum og auknum möguleikum með nýjum lausnum m.a. með gervigreind og smáforritum. Því er mikilvægt að styðja við nýsköpun í fjarheilbrigðisþjónustu með aukinni fjármögnun og tryggja þannig að bæði opinberar heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi rekstraraðilar sjái hag í því að nýta fjarheilbrigðisþjónustu til þess að bæta samfélagslegt virði þeirrar þjónustu sem þeim er ætlað að veita.

Við val á fjármögnun úrræða og uppbyggingu fjarheilbrigðisþjónustu ætti að hafa langtíma kostnaðarhagkvæmni til hliðsjónar þar sem stofnkostnaður getur verið umtalsverður en samfélagsleg hagkvæmni til lengri tíma mikil. Hætta er á að slík verkefni fari ekki af stað ef aðeins er horft til stofnkostnaðar.

Markmið: Auka og skilgreina sérstaklega fjármagn sem er ætlað að stuðla að stofnun, þróun og notkun fjarheilbrigðisþjónustu.

- Tryggja þarf fjármagn til þróunar og uppsetningar á kerfum til að veita fjarheilbrigðisþjónustu.
- Tryggja þarf fjármögnun og framkvæmdir fyrir öruggar fjarskiptaleiðir og net lausnir þannig að fjarheilbrigðisþjónusta sé raunhæfur valkostur á landinu öllu.
- Tryggja þarf fjármögnun til nýsköpunar fjarheilbrigðisþjónustu.

Markmið: Fjárhagslegir hvatar fjarheilbrigðisþjónustu verði með þeim hætti að þeir stuðli að því að rétt þjónusta fari fram á réttum stað.

- Horft sé til samfélagslegs virðis heilbrigðisþjónustu en ekki eingöngu magns hennar.

- Þar sem fjarheilbrigðisþjónusta er af sömu gæðum og staðbundin þjónusta ættu fjárhagslegir hvatar ekki að stýra þjónustuforminu í staðbundna þjónustu heldur í það þjónustuform sem skilar notanda þjónustunnar og samfélaginu öllu mestum ábata.
- Gæta ætti samræmis við gjaldtöku hvort heldur í opinberum rekstri eða einkarekstri fyrir sömu þjónustu, þegar um er að ræða fjarheilbrigðisþjónustu sem fjármögnuð er af ríkinu að hluta eða öllu leyti.

Markmið: Að draga úr kostnaði notenda sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda en verða fyrir vinnu-, kostnaðar- eða tímatapi vegna þess.

- Tryggja þarf notendum heilbrigðisþjónustu, sem þess þurfa vegna búsetu eða annarra aðstæðna, aðgang að fjarheilbrigðisþjónustu þannig hægt sé að velja kost sem sparar notandanum, ef það getur talist klínískt viðeigandi.
- Upp geta komið tilvik þar sem notandi heilbrigðisþjónustu getur ekki mætt í staðbundna þjónustu, eða þarf eftirfylgni heilbrigðisstarfsmanns. Þá á að tryggja möguleika á fjarheilbrigðisþjónustu sé það klínískt viðeigandi.

Markmið: Að kalla eftir og stuðla að nýsköpun í fjarheilbrigðisþjónustu.

- Í ljósi þess að framförum í tækni- og gervigreindarlausnum fleygir fram er mikilvægt að leggja aukna áherslu á nýsköpun í fjarheilbrigðisþjónustu með aukinni fjármögnun.
- Leitast skal við að tryggja jafnræði hins opinbera heilbrigðiskerfis og sjálfstætt starfandi eininga við nýsköpun og framþróun fjarheilbrigðisþjónustu.

Markmið: Að kostnaðarhagkvæmni sé metin og höfð til hliðsjónar við val á meðferð.

- Heilsuhagfræðilegar greiningar verði auknar og lagðar til grundvallar við mat á þjónustuformi.

4. Samantekt og tillögur starfshópsins

Framtíðarsýn og heildarmarkmið þessarar stefnu er að notendur heilbrigðisþjónustu á Íslandi hafi öruggt, skilvirkt og notendavænt aðgengi að fjarheilbrigðisþjónustu sem er samþætt hefðbundinni heilbrigðisþjónustu, styður við heilsu og sjálfstæði einstaklinga ásamt því að nýta tækni á ábyrgan hátt.

Fjarheilbrigðisþjónusta, studd gervigreind, smáforritum og annarri nýsköpun, getur til framtíðar aukið bæði aðgengi að heilbrigðisþjónustu og gæði hennar ef rétt er að málum staðið. Í því samhengi er brýnt að stjórnvöld marki skýran ramma um hvort og með hvaða hætti heimilt sé að nýta heilbrigðisgögn, meðal annars úr sjúkraskrárkerfum, til þjálfunar gervigreindarlíkana. Jafnframt þarf að skýra hvort samþykki þeirra einstaklinga sem gögnin varða skuli liggja fyrir slíkri vinnslu.

Stefnan styðst við nýlega lagabreytingu þar sem hugtakið fjarheilbrigðisþjónusta var skilgreint í fyrsta skipti en skv. lögnum er fjarheilbrigðisþjónusta nýting stafrænna samskipta og upplýsingatækni til að veita heilbrigðisþjónustu þegar aðilar eru ekki á sama stað á sama tíma og tekur m.a. til fjarsamráðs, fjarvöktunar, myndsamtala og netspjalls.

Stefnan dregur fram þrjá megin kafla sem þörf er á að hafa í huga við innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu og setur fram markmið og aðgerðir fyrir hvern og einn kafla.

4.1 Gæði og öryggi fjarheilbrigðisþjónustu

Fjarheilbrigðisþjónusta ætti að verða samþættur hluti heilbrigðiskerfisins alls og uppfylla sömu klínísku gæðastaðla og staðbundin þjónusta. Lagt er til að skilgreindir verði gæðavísar fjarheilbrigðisþjónustu hjá veitendum fjarheilbrigðisþjónustu auk miðlægra gæðavísa sem gildi fyrir alla eða tiltekna tegund fjarheilbrigðisþjónustu. Jafnræði og aðgengi eru sett í forgrunn stefnunnar þannig að fjarheilbrigðisþjónusta verði valkostur þar sem hún bætir virði fyrir bæði notanda og veitanda þjónustunnar en einnig fyrir samfélagið allt. Þeir sem veita fjarheilbrigðisþjónustu skulu getað vísað notanda þjónustunnar til staðbundinnar þjónustu þegar þörf er á t.d. með því að vísa til sín, með samningum við aðra þjónustuveitendur eða með leiðbeiningum um hvert notandi skuli leita. Til þess að markmið stefnunnar verði að veruleika er mikilvægt að stuðla að markvissri þjálfun og menntun heilbrigðisstarfsfólks í notkun tæknilausna og samskiptum í stafrænu umhverfi auk fræðslu um gagnavernd og upplýsingaöryggi. Þá er lögð áhersla á að fjarheilbrigðisþjónusta verði hluti af námsskrá heilbrigðisstétta.

4.2 Gagnaskráning og tæknileg samræming

Gagnaskráning í fjarheilbrigðisþjónustu á að vera í samræmi við gildandi lög og reglur og byggja á meginreglum um trúnað, öryggi og vernd persónuupplýsinga. Markmið skráningar er að styðja við örugga og samfellda þjónustu, faglega ákvarðanatöku, rekjanleika og vernd réttinda notanda þjónustunnar óháð þjónustuformi. Stefnan leggur áherslu á að notendur og þeir sem koma að meðferð þeirra hafi aðgang að viðeigandi upplýsingum með rétttri aðgangsstýringu og að skráning í sjúkrakrákerfi verði samræmd til þess að auka skilvirkni og draga úr sóun. Þá skal skráning vera sjálfvirk að því marki sem mögulegt er til að lágmarka þann tíma sem fer í skráningu og að skýrar reglur verði settar um skráningu viðbótargagna eins og hljóðupptökur og myndefni.

Tæknileg samræming fjarheilbrigðislausna er mikilvæg þar sem uppfylla þarf kröfur um upplýsingaöryggi, persónuvernd, styðja við auðkenningu, aðgangsstýringu og rekjanleika gagna. Einnig þurfa fjarheilbrigðislausnir að vera áreiðanlegar, öruggar í rekstri og hannaðar þannig að þær séu aðgengilegar notendum með misjafnt stafrænt læsi. Tryggja skal að hægt sé að safna og greina gögn um notkun og gæði fjarheilbrigðisþjónustu með samræmdum hætti til að styðja við eftirlit og stöðugar umbætur.

4.3 Fjármögnun

Fjarheilbrigðisþjónusta getur til framtíðar verið fjárhagslega hagkvæm fyrir heilbrigðiskerfið og notendur þess með því að nýta betur starfskrafta heilbrigðisstarfsfólks með auknu aðgengi að fjarheilbrigðisþjónustu og lausnum viðfangsefna á lægri stigum heilbrigðisþjónustu. Til þess þarf að fjárfesta í fjarheilbrigðisþjónustu bæði til skamms tíma og lengri. Stefnan leggur áherslu á að fjármögnun sé ein af grunnforsendum þess að fjarheilbrigðisþjónusta verði raunhæfur og samræmdur hluti heilbrigðiskerfisins. Lagt er til að sérstaklega sé skilgreint fjármagn til stofnunar, innleiðingar, þróunar og reksturs fjarheilbrigðisþjónustu. Fjármögnun þarf einnig að ná til innviða svo sem örugga tengileiða og netsambands um allt land þannig að þjónustan verði aðgengileg óháð búsetu. Markviss fjármögnun á jafnframt að miða að því að draga úr beinum og óbeinum kostnaði notanda heilbrigðisþjónustu svo sem ferðakostnaði, tíma- og vinnutapi. Stefnan undirstrikar að við val á þjónustuformi eigi að horfa til kostnaðarhagkvæmni og samfélagslegs ávinnings til lengri tíma enda geti stofnkostnaður verið umtalsverður þótt heildarávinningur til lengri tíma sé mikill. Lagt er til að aukið verði við heilsuhagfræðilegar greiningar og þær notaðar til að styðja ákvarðanatöku. Að lokum er bent á að þróun fjarheilbrigðisþjónustu byggir á stöðugum tækniframförum og nýjungum sem mikilvægt er að stuðla að.

